

(Eftir eina umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 22 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Í hverri bifreið skal vera:

- a. Stýris- og hemlabúnaður.
- b. Ljósker, er lýsi fram fyrir bifreiðina, a. m. k. eitt rautt ljós, er lýsi aftur fyrir hana, og ljósker til lýsingar á aftara skráningarmerki hennar. Enn fremur rauðlitað glitauga aftan á bifreiðinni. Þó skulu vera rauð glitaugu á báðum pallhornum vörubifreiðar að aftan. Sama gildir, þótt pallurinn sé yfirbyggður.
- c. Tæki til þess að gefa hljóðmerki og stefnumerki.
- d. Hraðamælir.
- e. Búnaður, er tryggi nauðsynlega útsýn ökumanns.
- f. Gúmbarðar á hjólum.
- g. Ef hált er, skal hafa snjókeðjur á hjólum eða annan búnað, sem bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir.
- h. Búnaður til aksturs aftur á bak, sé eigin þyngd bifreiðar yfir 400 kg.
- i. Merki, er sýni framleiðsluverksmiðju og framleiðslunúmer bifreiðarinnar.
- j. Á útblásturspípum hreyfla skulu vera tæki, er dragi úr hávaða.

Í fólksbifreiðum, sem flytja mega yfir 30 farþega, skal vera ökuriti, er sýni farna vegalengd og hraða bifreiðarinnar á hverjum tíma. Eiganda bifreiðar ber að geyma árituð eyðublöð tækisins í eitt ár, og er skylt að sýna þau lögreglumönnum, ef óskað er. Eigi má nota aðrar tegundir ökurita en þær, er bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir.

Bifhjól skal búið sömu tækjum og bifreið, þó ekki tækjum til að gefa með stefnumerki.

7. gr. hljóðar svo:

Í hverri vinnuvél skal vera:

- a. Stýris- og hemlabúnaður.
- b. Rauðlitað glitauga aftan á vinnuvélinni og hvítt að framan, ef þar er ekki ljósker.
- c. Ljósker, ef vinnuvélin er notuð á ljósátíma. Skal annað lýsa fram fyrir, en hitt aftur fyrir vélina.

8. gr. hljóðar svo:

Á hverju reiðhjóli skal vera:

- a. Hæfilega traustur hemill.
- b. Ljósker, er sýni hvítt eða daufgult ljós í hæfilegri fjarlægð framan frá, þegar reiðhjólið er notað á ljósátíma.
- c. Rauðlitað glitauga eða ljósker aftan á reiðhjólinu.
- d. Bjalla. Eigi má nota annað hljóðmerkjataeki á reiðhjóli.
- e. Lás.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um reiðhjól með hjálparvél með þeirri viðbót: Að á þeim skulu vera tveir hemlar, sem verka sjálfstætt, hvor um sig, og rafmagnsljós, tengt við rafal. Í stað bjöllu má nota eintóna horn.

9. gr. hljóðar svo:

Við notkun hestvagna skal örugglega búið um aktygi og festingar.

Aftan á hestvögnum, sem notaðir eru á ljósátíma á vegum, skal vera rauðlitað glitauga.

16. gr. hljóðar svo:

Innflytjendum skráningarskyldra, vélknúinna ökutækja er skylt að senda bifreiðaeftirliti ríkisins nákvæma lýsingu og myndir af nýjum gerðum vélknúinna ökutækja, sem þeir ætla að flytja til landsins. Tollstjórum er óheimilt að tollafgreiða skráningarskylt, vélknúð ökutæki, nema bifreiðaeftirlit ríkisins hafi gefið yfirlýsingar um, að sú gerð ökutækja fullnægi ákvæðum íslenskra laga.

20. gr. hljóðar svo:

Nú kemur í ljós, að skráningarskylt ökutæki fullnægir ekki lögum og reglum, eða er eigi fært til skoðunar, þegar krafizt er, og getur þá lögreglustjóri bannað notkun þess og tekið af því skráningarmerki, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt var eða vanrækt. Skal þá eftirlitsmaður skoða ökutækið, áður en skráningarmerkin eru afhent aftur.

Heimilt er lögreglustjóra að afskrá ökutæki án samþykkis eiganda, ef það er ónýtt að dómi eftirlitsmanns. Tilkynna skal nafnskráðum rétthöfum ökutækisins um afskráninguna með hæfilegum fyrirvara.

Nú vill eigandi ökutækis fá það afskráð, og skal þá því aðeins sinna þeirri beiðni, að telja megi ökutækið ónýtt.

23. gr. hljóðar svo:

Erlend ökutæki, sem nota má hér á landi um stundarsakir samkvæmt alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að, skulu fullnægja ákvæðum 5.—10. gr. Ökutæki, sem eru skráningarskyld samkvæmt 11. gr., má nota án skráningar hér á landi, ef þau eru löglega skráð í heimalandi, enda sé á þeim þjóðernismerki, auk skráningarmerkis, sbr. þó 3. mgr.

Í reglugerð skal kveðið á um eftirlit með erlendum ökutækjum, hve lengi þau mega vera hér á landi, tilkynningu þeirra og skráningu.

Ef eigandi (umráðamaður) skráningarskylds ökutækis, sem flutt hefur verið hingað frá útlöndum, er búsettur hér á landi, skal skrá ökutækið hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða afhenda honum skráningarmerki þess innan hálf mánaðar, eftir að það kom til landsins. Taki eigandi (umráðamaður) hins erlenda ökutækis sér búsetu hér á landi, eða ef ökutækið verður eign aðila, sem hér er búsettur, skal skrá ökutækið eða afhenda hin erlendu skráningarmerki innan hálf mánaðar.

25. gr. hljóðar svo:

Enginn má neyta áfengis við akstur vélknúins ökutækis.

Enginn má aka eða reyna að aka vélknúnu ökutæki, ef hann vegna áfengisneyzlu verður eigi talinn geta stjórnað því örugglega.

Ef vínandamagn í blóði manns er 0.50% til 1.20% eða hann er undir áhrifum áfengis, þótt vínandamagn í blóði hans sé minna, telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 1.20% eða meira, telst hann óhæfur til að stjórna vélknúnu ökutæki.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna hestvagni eða reiðhjóli, ef hann er með svo miklum áfengisáhrifum, að hann geti ekki með fullu öryggi stjórnað hestvagninum eða reiðhjólinu.

Bannað er að fela manni, sem er í því ástandi, sem um getur í 2.—5. mgr., stjórn vélknúins ökutækis, reiðhjóls eða hestvagns.

Ef ástæða er til að ætla, að maður hafi brotið framangreind ákvæði, getur lögreglan fært hann til læknis til rannsóknar, þ. á m. blóð- og þvagrannsóknar, og er honum þá skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknirinn telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um þessi efni.

Það leysir ekki undan sök, þótt maður ætli vínandamagn í blóði sínu vera minna en greinir í 2. og 3. mgr.

Nú hefur ökumaður neytt áfengis við akstur eða fyrir hann, þannig að vínandamagn í blóði hækkar eftir að akstri lauk, og skal þá litið svo á, sem hið aukna vínandamagn hafi verið í blóði hans við aksturinn.

Þegar maður hefur neytt áfengis á opinberum veitingastað og veitingamaður eða þjónar hans vita, eða hafa ástæðu til að ætla, að hann muni verða brotlegur við framangreind ákvæði, ber þeim að gera það, sem unnt er, til að hindra brotið, þar á meðal að gera lögreglunni viðvart.

Bannað er að selja eða afhenda ökumanni vélknúins ökutækis eldsneyti eða annað, sem þarf til aksturs, ef hann er með áhrifum áfengis.

[76]

27. gr. hljóðar svo:

Enginn má stýra bifreið, nema hann hafi fengið til þess ökuskirteini hjá lögreglustjóra. Bifreiðarstjóri skal ávallt hafa skirteinið meðferðis, er hann ekur bifreið, og sýna það, er löggæzlumaður krefst þess.

Skilyrði til þess að öðlast ökuskirteini eru þau, að umsækjandi sé fullra 17 ára, sé áreiðanlegur, samvirkusamur og reglusamur, hafi góða sjón og heyrn og

sé nægjanlega hraustur andlega og líkamlega. Enginn má fá ökuskrirteini, ef ástæða er til að ætla, að hann geti misst meðvitund snögglega vegna flogaveiki eða annars sjúkdóms. Umsækjandi skal hafa notið kennslu löggilts ökukennara og staðizt próf í umferðarlöggjöf, akstri bifreiðar og meðferð hennar. Lögreglustjóri getur neitað um ökuskrirteini, ef varhugavert þykir vegna fyrri hegðunar umsækjanda að veita honum það. Ef óskað er eftir ökuskrirteini hjá lögreglustjóra utan heimilissveitar umsækjanda, skal hann láta beiðninni fylgja samþykki lögreglustjóra í heimilissveit sinni.

Enginn getur fengið leyfi til að aka leigubifreið til mannflutninga né vöru-bifreið, sem skráð er fyrir 5 smálesta farm eða meira, nema hann sé fullra 20 ára, hafi staðizt viðbótarpróf og fullnægi frekari skilyrðum, sem ákveðin eru í reglugerð. Heimilt er og að setja með reglugerð sérstök skilyrði til að öðlast ökuskrirteini til aksturs fólksbifreiða, er flytja megi fleiri en 16 farþega.

Ökuskrirteini til aksturs bifreiða, sem notaðar eru til farþegaflutninga í atvinnu-skyni, skal eigi veita þeim, sem hafa flekkað mannorð, samkvæmt dómi.

Ef leigubifreiðastjóri brýtur af sér í starfi sínu, svo sem með því að eiga við fólk viðskipti, er varða við lög, eða gætir á annan hátt eigi fulls velsæmis, má svipta hann réttindum leigubifreiðastjóra svo og atvinnuleyfi um lengri eða skemmri tíma og ævilangt, ef um ítrekað brot er að ræða. Skal dómsmálaráðuneytið, að fengnum tillögum hlutaðeigandi bifreiðastjórafélaga, setja í reglugerð nánari ákvæði um starf atvinnubifreiðastjóra.

Ökuskrirteini gildir í 5 ár frá útgáfudegi. Gefa má þó ökuskrirteini út til skemmri tíma, ef sérstakar ástæður þykja til. Ef endurnýjunar á ökuskrirteini er óskað, verður hlutaðeigandi að sanna af nýju fyrir lögreglustjóra, að hann fullnægi skilyrðum til þess að fá ökuskrirteini. Lögreglustjóri ákveður, hvort hlutaðeigandi skuli þá af nýju ganga undir bifreiðastjóraþróf.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem er, svipt mann ökuskrirteini, ef það vitnast, að hann fullnægi ekki settum skilyrðum. Skirteinishafa er skylt að sæta nauðsynlegum rannsóknum til úrskurðar samkvæmt þessari málsgrein.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um bifhjól, eftir því sem við á.

28. gr. hljóðar svo:

Enginn má stýra dráttarvél, nema hann hafi fengið skirteini til bifreiðaaksturs eða sérstakt skirteini til aksturs dráttarvéla. Slíkt skirteini má ekki veita yngri mönnum en 16 ára. Eigi þarf ökuskrirteini til aksturs dráttarvéla, þegar þær eru notaðar við jarðyrkjustörf utan alfaravegar.

Enginn má stýra vinnuvél, fyrr en hann er orðinn 17 ára. Sé vinnuvél ekið um vegi, skal ökumaður þó hafa skirteini til bifreiðaaksturs.

Enginn má stýra reiðhjóli með hjálparvél, nema hann sé orðinn 15 ára.

Ákvæði 7. mgr. 27. gr. gilda og um stjórnendur ökutækja þeirra, sem grein þessi fjallar um.

Dómsmálaráðherra setur reglur um skilyrði til að öðlast réttindi til aksturs dráttarvéla og reiðhjóla með hjálparvél og ákveður gjald fyrir.

40. gr. hljóðar svo:

Þegar ökumaður lögreglubifreiðar, sjúkrabifreiðar, slökkvibifreiðar eða björg-unarbifreiðar gefur hljóð- og ljósmerki, skal öllum vegfarendum skylt að víkja úr vegi í tæka tíð. Stjórnendum annarra ökutækja er skylt að aka til hliðar eða nema staðar.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvernig merkjum sbr. 1. mgr. skuli háttað. Þau má eingöngu nota, þegar nauðsyn ber til, og er stjórnendum ökutækjanna skylt að taka fullt tillit til annarra vegfarenda.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig um vélknúin ökutæki, sem í einstök skipti eru notuð í þjónustu lögreglu, slökkviliðs, eða í lífsnauðsyn, svo sem við flutning

sjúkra manna eða slasaðra. Þegar ökutækið er notað þannig, skal það auðkennt greinilega með hvíttri veifu. Ökumaður skal tilkynna lögreglunni innan sólarhrings um aksturinn.

Framangreind ökutæki eru, þegar brýna nauðsyn ber til, undanþegin ákvæðum laga þessara um hámarkshraða og um takmarkanir, sem settar kunna að vera um akstur á ákveðnum vegum, enda séu þá notuð merki þau, er um ræðir í 1. og 3. mgr.

47. gr. hljóðar svo:

Þegar ökutæki mætast, skulu stjórnendur þeirra aka út að vinstri brún akbrautar í tæka tíð og draga úr hraða, ef nauðsyn krefur. Ef hindrun er á vegi, skal ökumaður, sem ekur á þeim vegarhelmingi, þar sem hún er, nema staðar, ef nauðsynlegt er.

Ef ökutæki mætast, þar sem vegur er svo mjór, að hvorugt kemst fram hjá öðru, áhættulaust, skal sá ökumaður, sem betur fær því við komið, aka út af vegi eða aftur á bak.

Ökumenn skulu hleypa fram fyrir sig á hægri hönd þeim, sem fram fyrir vilja. Eigi má aka fram úr ökutæki, nema unnt sé án hættu eða óþæginda fyrir aðra umferð, enda sé útsýn yfir akbraut góð. Eigi má aka fram úr ökutæki á vegamótum, beygjum, ef þær eru brattar eða þröngar, né við eða á afmörkuðum brautum fyrir gangandi fólk.

Aka skal fram fyrir ökutæki hægra megin við það. Skal sá, sem fram hjá ætlar, gefa þeim, sem á undan fer, merki, þannig að hann megi vita um þá ætlan. Sá, sem á undan er, skal þá, er hann verður var við þann, sem á eftir kemur, vika til vinstri og draga úr hraða eða nema staðar, þannig að áhættulaust sé að aka fram hjá. Sá, sem fram fyrir hefur ekið, má ekki aka að vinstri brún akbrautar, fyrr en hann er kominn svo langt, að hinu ökutækinu geti ekki stafað hætta eða veruleg óþægindi af.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. má við vegamót, ef aðstæður leyfa, aka vinstra megin fram hjá ökutæki, sem á undan fer, ef ökumaður þess gefur greinilega merki um, að hann ætli að aka til hægri.

Þar sem akbraut er skipt í tvær eða fleiri merktar akreinar með sömu akstursstefnu, má aka vinstra megin fram úr ökutæki, en gæta skal þá sérstakrar varúðar.

Aka má fram hjá vegagerðartæki með þeim hætti, sem hagkvæmastur er, miðað við aðstæður, enda sé gætt sérstakrar varúðar.

50. gr. hljóðar svo:

Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund.

Utan þéttbýlis má eigi aka hraðar en 70 km á klukkustund.

Almenningsvögnum, sem flytja mega 10 farþega eða fleiri, og vörubifreiðum, sem eru 3.5 smálestir eða meira að heildarþyngd, má þó eigi aka hraðar en 60 km á klukkustund. Bifreiðum, sem draga tengi- eða festivagna, má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ökuhraða, þar á meðal ákveðið lægri hámarkshraða almennt en að framan greinir eða á einstökum vegum. Í kaupstöðum og kauptúnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum.

53. gr. hljóðar svo:

Þegar ekið er á ljósatíma, skulu vera tendruð ljós á lögboðnum ljóskerum. Þegar ökutæki er fest eða tengt aftan í annað, nægir, að afturljós séu tendruð á því ökutæki, er síðar fer. Á ökutækjum mega ljós, sem lýsa fram, aðeins vera hvít eða daufgul.

Þegar ekið er um vel lýstan veg, skal nota lágan ljósgeisla. Þegar ekið er á mótí öðru ökutæki, má ekki nota háan ljósgeisla. Skipta skal þá á lágan ljósgeisla í tæka tíð.

Ef bifreið, dráttarvél, eða annað ökutæki, sem hefur stöðuljósabúnað, er stöðvað eða lagt á dimmri akbraut á ljósatíma, skal það hafa tendruð stöðuljós. Önnur

ökutæki, sem skilin eru eftir á akbraut, skulu greinilega auðkennd með glitaugum að framan og aftan.

Eigi má nota aðrar tegundir ljósa né glitaugna en boðnar eru eða heimilaðar í lögum þessum, eða reglum, settum samkvæmt þeim.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um ljósabúnað ökutækja og notkun hans. Ákveða má í lögreglusamþykktum, að nota skuli eingöngu stöðuljós við akstur á tilgreindum, vel lýstum vegum.

54. gr. hljóðar svo:

Við hleðslu ökutækis skal þess gætt, að hvorki farþegar né farmur byrgi nauðsynlega útsýn ökumanns fram eða til hliðar eða í baksýnisspegli, né tálmi notkun stjórnækja eða valdi annarri umferð hættu eða truflun.

Ganga skal svo frá farmi, að hann raskist ekki né valdi óþrifnaði né óþarfa hávaða.

Ökutæki skal þannig hlaðið, að því megi stjórna örugglega. Eigi má farmur dragast eftir vegi, nema óhjákvæmilegt sé og eigi valdi skemmdum.

Ef farmur nær fram eða aftur fyrir eða út fyrir ökutæki, skal gæta sérstakrar varúðar. Þá skal og festa til viðvörunar á yztu brún farmsins greinilegt merki, og á ljósátíma hvítt glitauga, er snýr fram, og rautt, er snýr aftur. Í stað glitaugna má nota ljósker með sama lit.

Lögreglumaður eða eftirlitsmaður ökutækja getur stöðvað ökutæki, ef hann telur hleðslu þess varhugaverða, og bannað akstur þess, nema úr verði bætt.

66. gr. hljóðar svo:

Dómsmálaráðherra setur reglur um gerð og notkun umferðarmerkja, umferðarljósa og annarra merkja á vegi eða við veg til stjórnar, viðvörunar eða leiðbeiningar fyrir umferð.

Í kaupstöðum skal lögreglustjóri sjá um, að greinileg umferðarmerki séu sett á eða við veg, þar sem sérreglur eiga að gilda um umferð. Það er þó ekki nauðsynlegt, ef lögreglumaður stjórnar umferð.

Vegamálastjóri skal sjá um, að umferðarmerki séu sett á eða við veg utan kaupstaða.

Óheimilt er að setja umferðarmerki á eða við veg, nema með leyfi lögreglustjóra eða vegamálastjóra.

Lögreglustjóri getur bannað auglýsingaspjöld, ljósauglýsingar, glitaugu og annað, sem valdið getur hættu eða óþægindum fyrir umferð.

Þar sem unnið er að vegagerð eða vegi raskað af öðrum ástæðum, þannig að hætta stafi af, er þeim, sem stjórnar verki, skylt að sjá um, að sett verði upp greinileg viðvörunarmerki.

Kostnað vegna umferðarmerkja skal sá greiða, sem kostar viðhald vegar.

73. gr. hljóðar svo:

Nú hefur viðurkennt váttryggingarfélag, sbr. 70. gr., greitt bætur samkvæmt framangreindu, og á það þá endurkröfurétt á hendur hverjum þeim, sem valdið hefur slysi eða tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka má endurkröfu með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins og öðrum atvikum. Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu váttryggingarsala.

76. gr. hljóðar svo:

Váttryggingarfélag þau, sem fengið hafa viðurkenningu samkvæmt 7. gr., og landssamband bifreiðaeigenda, ef til er, skulu hvert nefna einn mann í nefnd, en dómsmálaráðherra skal skipa einn mann, og er hann formaður hennar. Nefnd þessari skulu váttryggingarfélag senda gögn, er þau hafa reist á bótagreiðslur sínar samkvæmt lögum þessum. Nefndin kveður á um, hvort endurkröfurétti skuli beitt gegn þeim, sem talinn er eiga sök. Í meðferð hvers máls taka þátt formaður og tveir aðrir

nefndarmenn, er hann kveður til. Skal annar þeirra vera sá, sem félag það, er hlut á að máli, hefur kjörið í nefndina. Hinn skal vera fulltrúi sá, er landssamband bifreiðaeigenda hefur tilnefnt. Sé slíkt landssamband ekki til, nefnir Félag íslenzkra bifreiðaeigenda mann í nefndina eða það félag bifreiðaeigenda, sem sá er félagsmaður í, er krafa beinist gegn.

Kostnað af störfum nefndarinnar greiða váttryggingarfélagin eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur. Hann setur og nánari reglur um starfsháttu nefndarinnar.

81. gr. hljóðar svo:

Svipta skal mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur, eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis gerzt brotlegur við 1. eða 2. sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr., og skal hann þá sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það. Ef sérstakar málsbætur eru og kærði hefur eigi áður orðið sekur um sams konar eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem bifreiðarstjóri, má sleppa sviptingu réttinda vegna brota á 1. og 2. sbr. 3. mgr. 25. gr.

Réttindasvipting skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en 1 mánuð, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot að ræða. Réttindasvipting vegna brota gegn ákvæðum 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. skal þó eigi skemmri en 1 ár. Ef kærði hefur verið sviptur réttindum um stundarsakir samkvæmt ákvæðum 6. mgr. hér á eftir, skal ákveðið í dómi, hvort sá tími skuli dragast frá endanlegum sviptingartíma.

Nú hefur maður verið sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það um lengri tíma en 3 ár, og getur þá dómsmálaráðherra, er 3 ár eru liðin frá sviptingunni og sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að honum skuli veitt ökuleyfi af nýju eða réttur til að öðlast það, enda sé sannað, að hann hafi ekki gerzt brotlegur við áfengislöggjöf um þriggja ára skeið að undanfögnu. Umsókn um endurveitingu ökuleyfis samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja vottorð tveggja valinkunnra manna um reglusemi og góða hegðun umsækjanda í næstliðin 3 ár. Leita skal umsagnar áfengisvarnarnefndar í heimilissveit umsækjanda, áður en ökuleyfi er veitt af nýju, ef brot gegn 25. gr. hefur valdið ökuleyfissviptingu. Slíkt leyfi má þó eigi veita sama manni oftár en einu sinni, nema 6 ár séu liðin frá síðustu réttindasviptingu.

Svipting ökuleyfis eða réttar til að öðlast ökuleyfi skal gerð með dómi. Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti.

Nú telur lögreglustjóri, að maður hafi unnið til ökuleyfissviptingar, og skal hann þá svipta hann ökuleyfi til bráðabirgða. Ákvörðun lögreglustjóra skal borin undir úrskurð dómara svo fljótt, sem verða má, og eigi síðar en viku eftir sviptinguna. Dómari getur breytt úrskurði síðar, ef efni standa til. Aðili getur kært úrskurðinn samkvæmt XXI. kafla laga nr. 27/1951.

Hver, sem sviptur hefur verið ökuleyfi samkvæmt þessari grein eða hefur misst það samkvæmt 7. sbr. 8. mgr. 27. gr., skal afhenda lögreglunni ökuskirteini sitt.

Ef maður hefur með dómi verið sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það, skal dómari þegar tilkynna það öllum lögreglustjórum á landinu.

Ef íslenzkur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi hefur sætt ökuleyfissviptingu eða refsingu erlendis fyrir verknað, sem samkvæmt lögum þessum hefði varðað missi ökuleyfis eða réttar til að öðlast það, má svipta hann þeim réttindum með dómi í opinberu máli, sem höfðað er gegn honum í þessu skyni, og koma þá að öðru leyti til framkvæmda ákvæðin hér að framan.

82. gr. hljóðar svo:

Almenningi skal veitt fræðsla í umferðarlöggjöf og öðru því, er stuðlað getur að umferðaröryggi og umferðarmenningu. Gefa skal út og útbýta ókeypis prentuðum leiðarvísi, er skýrir helztu umferðarreglur ásamt myndum af vegarmerkjum og handarmerkjum ökumanns í umferð. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Bæjar- og sveitarstjórnnum ber enn fremur að fræða almenning um umferðarmál eftir því, sem staðhættir gefa efni til, svo og þær sérreglur, er gilda á hverjum stað.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um fræðslu samkvæmt þessari grein.

89. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1958. Ákvæði 1. og 2. mgr. 70. gr. koma þó til framkvæmda 1. maí 1958.